

Nd.

333. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1946.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög. Frv. er samhljóða lögum um tekjuskattsviðauka, sem gilda fyrir yfirstandandi ár. Meiri hluti nefndarinnar vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni, Skúli Guðmundsson, vill breyta frumvarpinu þannig, að veltuskattur, álagður 1945, megi dragast frá við skattaframtal 1946. Á þetta gat meiri hlutinn ekki fallið og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1945.

Ásg. Ásgeirsson,
form.

Ingólfur Jónsson,
fundaskr., frsm.

Einar Olgeirsson.

Hallgr. Benediktsson.